






## Fundargerð

Miðvikudaginn 15. apríl 2021 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson starfsmaður nefndarinnar sem ritar fundargerð

### 1. Fundargögn

	Tálknafrjörður - fjarhagsáætlun.pdf
	Pingeyjarsveit - fjárhagsáætlun A- og B-hluti.pdf
	Pingeyjarsveit - fjárhagsáætlun A-hluti.pdf
	Vesturbyggð - fjárhagsáætlun.pdf
	Vesturbyggð - greinargerð.pdf

### 2. Staðan hjá Vesturbyggð

Til fundar við nefndina komu fulltrúar frá Vesturbyggð; Rebekka Hilmarsdóttir bæjarstjóri, Iða Marsbil Jónsdóttir forseti bæjarstjórnar og Gerður Björk Sveinsdóttir fjármálastjóri. Tilefni fundarinnar var að fara yfir fjárhagsáætlun 2021-2024 hjá Vesturbyggð og almennt um fjárhagsstöðuna hjá sveitarfélaginu.

Fram kom í máli Rebekku að það var mikil óvissa þegar verið var að vinna fjárhagsáætlunina. Það var mikill niðurskurður árið 2018 og því er svigrúmið til að skera niður frekar takmarkað. Mikil tekjuskerðing í a-hluta sem skýrist af lægri framlögum frá Jöfnunarsjóði og jafnframt eru útsvarstekjur ekki að hækka í samræmi við aukin íbúafjölda. Tekjuspáin er varfærin og eru áætlanir um útsvar og Jöfnunarsjóðs teknar eins og þær eru birtar. Aukin atvinnuuppbygging vegna fiskeldis. Verið er að sækja um styrk hjá fiskeldissjóði vegna uppbyggingu innviða sem tengist fiskeldi.

Gerður nefndi að búið væri að fara vel yfir rekstrarkostnað og áætlaðar aðgerðir til að draga úr kostnaði en gert er ráð fyrir að þær skili sér ekki fyrr en árið 2022. Launakostnaður hefur verið að aukast gríðarlega og jafnframt hefur aukið orlof og stytting vinnuvikunnar áhrif. Eru í vinnu með KPMG um markmiðasetningu. Varðandi fjárfestingar þá eru það allt verkefni sem nauðsynlegt er að ráðast í. Fráveitan þarfnast viðhalds þar sem lítið var gert í viðhaldi mörg ár. Eru í viðræðum um lánsfjármagn við Lánasjóð sveitarfélaga og Ofanflóðasjóð.

**3. Staðan hjá Tálknafirði**

Til fundar við nefndina komu fulltrúar frá Tálknafjarðarhreppi; Ólafur Þór Ólafsson sveitarstjóri og Bjarnveig Guðbrandsdóttir oddviti sveitarstjórnar. Tílefni fundarinnar var að fara yfir fjárhagsáætlun 2021-2024 hjá Tálknafjarðarhreppi og almennt um fjárhagsstöðuna hjá sveitarfélaginu.

Fram kom í máli Ólafs að tekjur sveitarfélagsins hafa skerst og þá sérstaklega framlög Jöfnunarsjóðs. Gert er ráð fyrir að rekstarniðurstaðan fyrir samstæðuna verði neikvæð á þessu ári og næsta ári. Samdráttur í rekstri hefur ekki verið í samræmi við lækkun tekna og sveitarfélagið stefnir á að ná betri niðurstöðu í rekstri fyrir árið 2022. Fram undan eru dýrar framkvæmdir vegna þess að það varð leki í húsnæði sveitarfélagsins og jafnframt er vegaframkvæmdir sem þarf að ráðast í.

Að auki kom fram að útkoma fyrir árið 2020 stefnir í að verða betri en útkomuspáin gerði ráð fyrir. Stefnt er á að sækja um lán til Lánasjóðs sveitarfélaga þar sem þörf er á fjárfestingu í hafnarmannvirki sveitarfélagsins og verður sú framkvæmd í samstarfi við ríkið og vegagerðina.

**4. Staðan hjá Þingeyjarsveit**

Til fundar við nefndina komu fulltrúar frá Þingeyjarsveit; Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri, Arnór Benónýsson oddviti og Gísli Sigurðsson skrifstofustjóri. Tílefni fundarinnar var að fara yfir fjárhagsáætlun 2021-2024 hjá Þingeyjarsveit og almennt um fjárhagsstöðuna hjá sveitarfélaginu.

Fram kom í máli Dagbjartar að gert væri ráð fyrir halla á rekstri samstæðunnar á árinu 2021, sem og næstu árin þar á eftir. Tekjuspáin er varlega áætluð og ekki er búið að gera neinni hagræðingu í útgjöldum. Aftur á móti ef þessi spá gengur eftir þá þarf að fara í hagræðingaradgerðir. Líklegast verður minni halli á árinu 2020 en gert hafði verið í útkomuspá.

Gísli nefndi að sérstakar tekjur sem sveitarfélagið fær vegna þeistareykjavirkjunar hefðu dottið út þegar PCC á Bakka lokaði en það stefnir í að þær komi aftur inn þegar verksmiðjan opnar að nýju. Jafnframt lækkuð framlög Jöfnunarsjóðs frá upphaflegri áætlun. Stærsta fjárfestingin er framlag vegna hjúkrunarheimilis og verkefni í tengslum við heilsugæsluna.

**5. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fundi lauk kl. 12:00